



## Vegagerðin – Sérfræðingur í jarðtækni

Vegagerðin leitar að sérfræðingi á sviði jarðtækni til starfa á hönnunardeild. Viðkomandi þarf að hafa áhuga og reynslu af að takast á við fjölbreytt og krefjandi verkefni á sviði jarðtæknilegra rannsókna og burðarþolshönnunar vega.

Á hönnunardeild vinna um 18 manns við ýmis hönnunar-, þróunar- og rannsóknarverkefni, sem tengjast umferðarmannvirkjum.

### Starfssvið

- Fagleg umsjón með borvagni og öðrum tækjum vegna jarðtæknilegra rannsókna.
- Fagleg umsjón með fallóðsmælingum og veggreini.
- Jarðtæknileg ráðgjöf vegna hönnunar vega og grundunar brúa.
- Gerð leiðbeininga um burðarþolshönnun vega og jarðtæknilegar rannsóknir.
- Þátttaka í föstum nefndum á starfssviðinu.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólapróf í verkfræði eða tæknifræði, kostur á sviði jarðtækni eða jarðverkfræði.
- Reynsla af verkefnastjórnun.
- Færni í mannlegum samskiptum og hæfni til að taka þátt í teymisvinnu.
- Lausnamiðuð hugsun og færni til að fylgja málum eftir.
- Frumkvæði og faglegur metnaður.
- Skipulögð og öguð vinnubrögð í starfi.
- Góð íslenskukunnátta.
- Kunnátta í ensku og einu öðru Norðurlandamáli.

Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum.

Laun eru greidd samkvæmt kjarasamningi ríkisins og viðkomandi stéttarfélags.

### Umsóknarfrestur er til og með 9. september nk.

Bæði konur og karlar hvött til að sækja um starfið.

Umsókn um starfið þarf að fylgja ítarleg starfsferilsskrá og kynningarbréf þar sem gerð er grein fyrir ástæðu umsóknar og rökstuðningur fyrir hæfni viðkomandi í starfið.

Nánari upplýsingar veita og Auður Bjarnadóttir ([audur.bjarnadottir@capacent.is](mailto:audur.bjarnadottir@capacent.is)) og Þóra Lind Sigurðardóttir ([thora.sigurdardottir@capacent.is](mailto:thora.sigurdardottir@capacent.is)).

Tekið skal fram að umsóknir geta gilt í sex mánuði frá því að umsóknarfrestur rennur út.

Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.